**Haustlaukar**
Autumn Bulbs
**Ný myndlist í almannarými**
New Public Art

**Ásgerður Birna Björnsdóttir**
**Berglind Jóna Hlynsdóttir**
**Curver Thoroddsen**
**Snorri Ásmundsson**
**Þóranna Björnsdóttir**

**Sýningarstjórn**
Curator
**Markús Þór Andrésson**

**Framkvæmdastjórn**
Assistant curator
**Sunna Ástþórsdóttir**

**Árið 2019 er ár listar í almannarými hjá Listasafni Reykjavíkur.**
At the Reykjavík Art Museum, the year 2019 marks the Year of Public Art.

**Nánari upplýsingar um dagskrá á heimasíðu safnsins.**
Further information on the programme on museum website.

**Listasafn Reykjavíkur þakkar þeim sem hjálpuðu til við að gera sýninguna að veruleika**
Reykjavík Art Museum wishes to thank those who helped make this exhibition possible:

**Embætti Tollstjóra**
**Starfsfólk Tollhússins**
**Umhverfis og skipulagssvið**
**Reykjavíkur**
**Egilshöll**
**Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur**
**Myndlistarsjóður**
**Vesturbæjarlaug**
**Breiðholtslaug**
**Ljósmyndasafn Reykjavíkur**
**Hverfastöðin Njarðargötu**
**Páll Ivan frá Eiðum**
**Kristján Karlsson**
**Spessi**
**Páll Banine**
**Halldór Reynir Tryggvason**
**Ingimundur Jón Olgeirsson**
**Valur Steinarsson**
**Vlada Koroleva**
**Szóka Leposa**
**Laura Clark**
**Aukaleikarar**

# 07.–29.09.2019
## Ný myndlist í almannarými
New Public Art

# Haust-laukar
# Autumn Bulbs

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
HAFNARHÚS
ART MUSEUM

**Hafnarhús**
Tryggvagata 17
101 Reykjavík
+354 411 6400

**Opið daglega**
Frá 10.00 til 17.00
**Open daily**
10h00–17h00

**listasafnreykjavikur.is**
**artmuseum.is**
#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum

Myndlistarsjóður
Icelandic Visual Arts Fund

# Haustlaukar

Í september efnir Listasafn Reykjavíkur til samsýningar utan veggja safnhúsanna. Fimm myndlistarmenn setja fram ný verk sem birtast á fjölbreyttan og nýstárlegan hátt víða um Reykjavík og í því sameiginlega rými sem tækni samtímans býður upp á. Um er að ræða gjörninga, inngrip og uppákomur af ýmsu tagi. Í stað efnislegra skúlptúra, minnisvarða eða annarra varanlegra umhverfisverka beinir sýningin *Haustlaukar* sjónum að verkum sem eru unnin meira og minna í óáþreifanlega miðla; þau skjóta rótum víða og spretta upp við óvæntar aðstæður.

Listamennirnir fimm spyrja spurninga sem snúa að almannarými. Viðfangsefni þeirra eru fjölbreytt og tengjast málefnum líðandi stundar, s.s. sítengingu, núvitund, umhverfismálum, valdi, eignarhaldi eða mörkum einka- og almannarýmis. **Snorri Ásmundsson** býður til hugleiðslustundar í Egilshöll þar sem dýrlingurinn, meistari Hilarion, líkamnast í listamanninum. Stundin markar upphaf vegferðar sem hann mun framfylgja á samfélagsmiðlum og á vefnum. *Sana Ba Lana* er í anda fyrri verka Snorra sem teygja sig gjarnan út fyrir hefðbundið rými listarinnar og inn í hið almenna, pólitíska, trúarlega og samfélagslega. Verk hans eru í formi opinberra viðburða - inngrip og gjörningar - þar sem listamaðurinn umturnar viðurkenndum gildum samfélagsins og gengur ótrauður inn í ýmis hlutverk valdastigans. Skemmst er að minnast þess er hann þjónaði fyrir altari í Hríseyjarkirkju, bauð sig fram til forseta og stofnaði stjórnmálahreyfinguna *Vinstri hægri snú*. **Curver Thoroddsen** er þekktur fyrir það sem hann sjálfur nefnir „raunveruleikagjörninga." Þar setur hann daglegt líf og gjörðir í listrænt samhengi. Ýmist færir hann eigið einkalíf inn á vettvang listastofnana, eða beinir kastljósi myndlistar að sjálfum sér í amstri hversdagsins. Sem dæmi hefur hann tekið íbúðina sína í gegn, haldið upp á jólin í beinni á netinu, farið í megrun og borðað fjölda hamborgara - allt í nafni myndlistar. Verk hans vekja upp spurningar um hlutverk listamanna í samfélaginu sem og eðli listsköpunar og -upplifunar en þau endurspegla jafnframt málefni líðandi stundar, dægurmenningu og tíðaranda. Fyrir sýninguna Haustlauka hefur Curver skapað nýtt verk, eins konar ofur-raunveruleikagjörning þar sem hann beinir sjónum sínum að hversdagshetjum og umhverfinu.

Á þaki Tollhússins við Tryggvagötu er verk **Berglindar Jónu Hlynsdóttur** að finna. Það tekur mið af sögu Tollhússins og manngerðu svæðinu í kring sem tekið hefur stöðugum breytingum síðan bygging hússins hófst árið 1967. Ýmsar tillögur hafa verið lagðar fram um svæðið í gegnum tíðina, en í takt við breyttar áherslur í skipulagsmálum hefur þeim ýmist ekki verið hrint í framkvæmd eða kláraðar að fullu. Í verkinu veltir Berglind fyrir sér þeirri framtíð sem ekki varð, hvaða væntingar við berum til svæðisins og þeim framtíðarhorfum sem hafa byrjað að birtast umhverfis húsið í dag. Verki **Ásgerðar Birnu Björnsdóttur** er best lýst sem inngripi í hversdagslíf fólks. Það er hljóðverk sem verður flutt á handahófskenndum tímum á stöðum þar sem uppspretta hljóðsins er illgreinanleg. Að baki verkinu eru vangaveltur um sítengingu og þau ósýnilegu en áþreifanlegu kerfi sem verða til við aukna tæknivæðingu. Farsíminn leikur sífellt stærra hlutverk í daglegu lífi okkar flestra og hefur allt að því ofurvald yfir okkur með hringingum og hljóðmerkjum. Þegar síminn hringir setjum við gjarnan allt til hliðar til að svara eða þagga niður í honum hljóðið. Jafnvel þó það sé bara í andartak, neyðumst við til að hverfa frá hugsunum okkar og má segja að við séum að verða skilyrt eða háð þessari reglulegu truflun. **Þóranna Björnsdóttir** sækir innblástur í þjóð- og goðsögur sem fjalla um örlög á krossgötum. Hún safnar einkum frásögnum þar sem heimur manna og hulinsheimur mætast. Verkið byggist á gjörningi sem á sér stað á gatnamótum í miðborginni og þar býðst vegfarendum að staldra við og íhuga aðstæður þar sem við stöndum frammi fyrir vali eða þáttaskilum. Hvað felst í því að velja og hverju höfnum við þegar við tökum ákvarðanir?

Sum verka sýningarinnar eru aðeins flutt einu sinni á meðan önnur eiga sér lengri eða tíðari tilvist. Dagskrá sýningarinnar má kynna sér hér í sýningarskránni, á samfélagsmiðlum safnsins eða dagskrársíðu þess. Árið 2019 er ár listar í almenningsrými hjá Listasafni Reykjavíkur og er sýningin hluti af því samhengi ásamt fleiri sýningum, viðburðum og miðlunarstarfi.

# Autumn Bulbs

This September, Reykjavík Art Museum holds a group exhibition outside the museum walls. Five artists present new work in a diverse and original manner around the city and in the public spaces made available through modern technology. This includes performances, interventions and various happenings. Instead of material sculptures, memorials or other permanent environmental artworks, the exhibition *Autumn Bulbs* focuses on artworks created in more or less intangible media; they spread around the city and flourish in unexpected circumstances.

The five artists ask questions regarding public spaces. They cover diverse topics which are related to current affairs, like constant connection, mindfulness, environmental issues, power, ownership and the boundaries between private and public space. **Snorri Ásmundsson** invites visitors to a meditation in Egilshöll where the saint, master Hilarion, is embodied in the artist. This moment marks the start of a journey which he will undertake on social media and the internet. *Sana Ba Lana* is in the spirit of Snorri's former work which often reach outside traditional art spaces and into the public, political, religious and social fields. His work takes the form of formal events – interventions and performances – where the artist overturns traditional values in the society and undaunted takes on many different roles in the hierarchy. He has for example preached in Hrísey Church, run for president and formed the political movement *Left, Right, Turn*. **Curver Thoroddsen** is known for what he himself calls "real life performances", where he places everyday life and actions in artistic context. He sometimes brings his own private life to the art institutions or directs attention to himself in daily life. He has for example renovated his apartment, celebrated Christmas live online, gone on a diet and eaten a lot of hamburgers – all in the name of art. His work raises questions about artists' role in society as well as the nature of art creation and art experience, but it also reflects current affairs, pop culture and Zeitgeist. Curver's contribution to Autumn Bulbs is a kind of a hyper-real life performance focusing on every-day heroes and the environment.

**Berglind Jóna Hlynsdóttir's** work can be found on the roof of the Customs House in Tryggvagata. It takes note from the building's history and the man-made area around it, which has been constantly changing since the construction of the building started in 1967. Through the years, many different plans have been made regarding the development of this area but either never been carried out or never fully finished due to new planning trends. In this work, Berglind ponders the future which never happened, people's expectations for this area and the future which is starting to appear around the building. **Ásgerður Birna Björnsdóttir's** artwork can best be described as an intervention into people's daily life. This is an audio piece which will be performed at random times in places where the source of the sound is unclear. Behind this lie musings on constant connection and the invisible, yet tangible, systems which increased technology brings. The mobile phone plays an ever-growing role in the lives of most people, it almost has us in its clutches through ringtones and beeps. When it rings, we often put everything on hold to answer it or silence it. Even though it's only for a moment, we are forced to abandon our thoughts. We have become conditioned or addicted to this regular distraction. **Þóranna Björnsdóttir** is inspired by folktales and myths regarding fate at a crossroads. She collects tales where the world of men and the hidden world meet. This is a performance which takes place at a crossroads in the city centre where passers-by are invited to stop and think about a situation where we face a choice. What does it mean to choose and what are we rejecting when we make our decisions?

Some works in the exhibition will only be performed once while others have a longer or more frequent existence. The exhibition programme can be found here in the hand-out or on the museum's social media and homepage. 2019 is the year of art in public spaces at Reykjavík Art Museum and *Autumn Bulbs* is a part of that, along with other exhibitions, events and communication's work.

07.–29.09.2019

# Haustlaukar
# Autumn Bulbs

## Ný myndlist í almannarými
## New Public Art











REYKJAVÍKUR ART MUSEUM
LISTASAFN ÁSMUNDARSAFN
HAFNARHÚS

**Dagskrá**
Programme

**Snorri Ásmundsson**
**Sana Ba Lana**
**Egilshöll**
Fossaleynir 1, 112 Reykjavík
**lau.** Sat. 07.09. 16:00

**Curver Thoroddsen**
**Reykjavík**
07.–29.09.

**Þóranna Björnsdóttir**
**Vegvísir á krossgötum**
Indications at Crossroads
**Á horni Pósthússtrætis og Austurstrætis**
Corner of Pósthússtræti and Austurstræti
**fös.** Fri. 13.09. 17:00
**sun.** Sun. 22.09.14:00
**fim.** Thu. 26.09. 20:30

**Ásgerður Birna Björnsdóttir**
**Hvers vegna syngja fuglar?**
Why do Birds Sing?
**Breiðholtslaug**
Breiðholt swimming pool
Austurberg 3, 111 Reykjavík
**fös.** Fri. 13.09., 20.09.
**Vesturbæjarlaug**
Vesturbær swimming pool
Hofsvallagata 107, 107 Reykjavík
**lau.** Sat. 14.09., 21.09.

**Berglind Jóna Hlynsdóttir**
**Biðin er löng - Tollhúsið. 1. bindi**
The Wait is Long - Reykjavik Customs House. 1. Volume
**Tollhús Reykjavíkur**
Reykjavík Customs House
Tryggvagata 19, 101 Reykjavík
**opnun sun.** Opening Sun. 15.09. 15:00
**opið daglega** Open daily 15.– 29.09.
**mán. – fös.** Mon. – Fri. 10:00–16:00
**fim.** Thu. 10:00–20:00
**lau. – sun.** Sat.–Sun. 13:00–17:00

**Samtal við listamenn sýningarinnar** Artists speak about their work
**Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús** Reykjavík Art Museum - Hafnarhús
Tryggvagata 17, 101 Reykjavík **fim** Thu. 12.09. 20:00

**Ljósmyndir** photographs: Ásgerður Birna Björnsdóttir, Þóranna Björnsdóttir, Snorri Ásmundsson, Curver Thoroddsen, Friðþjófur Helgason / Ljósmyndasafn Reykjavíkur

***Hafnarhús***
Tryggvagata 17
101 Reykjavík

**Open daily**
artmuseum.is
listasafnreykjavikur.is